

Bréf fjármálaráðuneytisins til bæjarstjórans í Hafnarfirði, um skatt af söluágóða af hlutabréfum, sem afhent hafa verið upp í arf.

51
20. febr.

Með bréfi yðar, herra bæjarfógeti, dags. 7. þ. m., er óskað úrskurðar ráðuneytisins um skattgreiðslu af söluágóða af hlutabréfum, sem afhent höfðu verið sem fyrirframgreiðsla upp í arf.

Samkvæmt e-lið 7. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 2. gr. laga nr. 131 1935, skal greiða tekjuskatt af söluágóða af fasteign, ef hún hefur verið í eigu skattgjaldanda skemur en 5 ár, en af lausafé, ef það hefur verið í eigu hans skemur en 3 ár.

Hins vegar telst ekki til skattskyldra tekna, samkv. 9. gr. laga nr. 6 1935, eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf o. s. frv., en hér er átt við eignaraukann við arftökuna sjálfa, en ekki eignaraukann eftir að hún átti sér stað og skiptir 9. gr. því ekki máli í þessu sambandi. Mismun á þeirri fjárhæð, sem hlutabréfin voru metin til erfðafjárskatts og söluverði bréfanna, ef það er hærra, virðist eftir skýlausum ákvæðum laganna nr. 131 1935, bera að telja til skattskyldra tekna, ef arftaki hefur átt þau skemur en 3 ár.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 16. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um bannsvæði brezku herstjórnarinnar fyrir mynni Seyðisfjarðar.

52
8. apríl

